

Ed.

302. Frumvarp til laga

[142. mál]

um geymslufé.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu, en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé (depositum).

2. gr.

Við greiðslu á geymslureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda, ef unnt er.

Greiði banki röngum aðila geymslufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geymslureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

3. gr.

Geymslufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn til þess.

4. gr.

Sá, sem greitt hefur inn á geymslureikning, getur ekki fengið geymsluféð endurgreitt, nema hann annað hvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geymslufjárins skv. ákvæðum 3. gr., eða skv. ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

Geri greiðandi viðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geymslufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

5. gr.

Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja.

Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslufjárins til aðila, rennur það til rikissjóðs.

6. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geymslufé og meðferð geymslureikninga.

7. gr.

Sérreglur um geymslufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum eru ekki almenn ákvæði um geymslufé. Ákvæði 15. kap. Þjófabálks Jónsbókar fjalla um önnur atriði og halda vitanlega gildi sínu. Hins vegar er viðskiptabönkum í rikiseign falið það hlutverk að taka við geymslufé (depositum). Má um það vísa til e-liðs 5. gr. laga nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, f-liðs 5. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands og f-liðs 5. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands.

Bankar þessir hafa við framkvæmd geymslu og meðferð geymslureiknings stuðst við hliðstæð lög á Norðurlöndunum svo og sjálfsettar reglur. Hefur þetta leitt til nokkurrar réttaróvissu, sem er bagalegt, vegna þarfar á starfsemi af þessu tagi. Þá hafa viðkomandi bankar ekki treyst sér til þess að kynna almenningi starfsemi þessa sem skyldi, en það hefur valdið því, að almenningur hefur ekki notfært sér þessa þjónustu.

Hins vegar hafa fjölmargir aðilar þörf fyrir þessa þjónustu s.s. skuldarar veðskuldabréfa, sem gefin eru út til handhafa. Greiðsla til geymslu í banka getur verið einasta leiðin til að losna við fjárskuldbindingar.

Frumvarp það, sem hér fylgir, er að megin stofni samið eftir norrænum lögum um þetta efni, en gætt íslenskra aðstæðna. Ekki hefur verið talin ástæða til að taka í lögina ákvæði um þóknun til banka fyrir geymslu fjár eða um vexti af því, þar sem Seðlabanka Íslands ber að setja reglur um þau atriði samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Frumvarpið tekur aðeins til geymslu peninga. Ekki er reiknað með geymslu annarra verðmæta svo sem viðskiptabréfa, enda mun þörfin fyrir reglur þar að lútandi vera hverfandi. Reglur um geymslu viðskiptabréfa eru þó felldar inn í hliðstæða löggjöf á Norðurlöndum.

Markmið ákvæða þessara er myndun kerfis til hjálpar skuldagreiðendum, sem eru í þeirri stöðu að geta ekki losnað undan greiðsluskyldu sinni af ástæðum er varða kröfueiganda. Greiðandi þarf því að sýna fram á, að hann geti ekki greitt — geti ekki losnað undan fjárskuldbindingunni. Ákvæði laganna eru því miðuð við það tilvik, þegar um viðtökudrátt kröfueiganda er að ræða — hann tekur ekki við greiðslunni.

Grein þessi tekur einnig til þess tilviks, þegar kröfueigandi t. d. neitar að láta af hendi gagngreiðslu þá, sem honum ber samkvæmt samningi, eða hann neitar að gefa kvittun.

Enn spannar greinin það tilvik, að vafi sé á því, hvor eða hver tveggja eða fleiri aðila sé hinn rétti kröfueigandi.

Greiðandi getur þá fullnægt greiðsluskyldu sinni með greiðslu á geymslureikning. Kröfueigendur verða síðan að leiða ágreining sinn til lykta fyrir dómstólum eða á annan hátt. Skuldari eða greiðandi geta þó í þessu tilviki orðið bótaskyldir vegna vanefnda, ef þeir vissu eða hefðu átt að vita, hver var réttur kröfueigandi.

Þýðing innborgunar á geymslureikning í samræmi við ákvæði laga þessara er sú, að greiðandi fullnægir greiðsluskyldum endanlega. Hann getur þannig átt fullan rétt til þess að krefjast hvers þess, sem hann átti að fá í stað greiðslunnar. Þetta hefur t. d. þá þýðingu, að ef veðskuld er greidd með þessum hætti getur greiðandi átt rétt á því, að veðbönd séu leyst af veðandlaginu.

Lögin útiloka ekki samninga aðila um geymslu fjár hjá öðrum aðilum eða á annan hátt en lögin gera ráð fyrir.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna helstu atriði um framkvæmd móttöku geymslufjár, upplýsingaskyldu greiðanda og fleira. Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf, en þó skal tekið fram varðandi 3. mgr., að vanræksla greiðanda á tilkynningarskyldu hans hefur það í för með sér, að hann kann að verða bótaábyrgur gagnvart kröfueiganda, en innborgunin á geymslureikninginn heldur gildi sínu sem slík.

Um 3. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Þó skal tekið fram, að útborgun geymslufjár er alfarið á ábyrgð viðkomandi banka, sbr. þó 2. mgr. 2. gr .

Um 4. gr.

Greinin undirstrikar t. d. það, að kröfuhafar greiðanda geta ekki gengið að innborguninni, nema ef til vill samkvæmt riftunarreglum gjaldþrotaskiptalaga. Þannig er grundvallarhugsun greinarinnar sú, að við innborgun á geymslureikning sé greiðslan endanlega innt af hendi og verður þá ekki snúið til baka af hálfu greiðanda, nema að fullnægðum þeim skilyrðum, sem lögin setja í því efni.

Setji greiðandi viðtækari fyrirvara, sjálfum sér til hagsbóta varðandi endurkröfu eða endurgreiðslu hins innborgaða fjár, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá innborgun. Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að æskilegt er, að bankar noti ekki orðin geymslufé og geymslureikningur í öðrum tilvikum en þeim, sem varða framkvæmd laga þessara. Ef sú framkvæmd verður föst í sessi, er minni eða hverfandi hætta á ruglingi.

Um 5. gr.

Grein þessi skýrir sig sjálf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Rétt þykir að sérreglur í öðrum lögum haldi gildi sínu, svo sem 42. gr. víxillaganna nr. 93/1933.